



Flugslysaæfingin Bíldudalur 2010



Lokaskýrsla

Efnisyfirlit

| Efni | Bls. |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------|------|
| Efnisyfirlit | 3 |
| Inngangsorð | 5 |
| Orðskýringar | 7 |
| Handrit æfingarinnar | 8 |
| Almennt um framgang æfingarinnar | 9 |
| Leikarar og förðun → Vigdís Agnarsdóttir | 12 |
| Fjöldahjálp - Aðstandendur → Jón Brynjar Birgisson og Kristján S. Bjarnason | 14 |
| Vettvangsstjórn → Lilja Magnúsdóttir | 16 |
| Björgunarstjóri → Óðinn Sverrisson | 18 |
| Slökkvilið Patreksfjarðar → Atli Einarsson | 20 |
| Björgunarsveitin Tálkni → Vignir og Guðlaugur | 22 |
| Heilbrigðishópur → Bára Benediktsdóttir og Guðrún Lísbet Níelsdóttir | 23 |
| Slysavettvangur → Þorlákur Snær Helgason, Björn Heiðar Sigurbjörnsson og Martha Óskarsdóttir | 25 |
| Aðgerðaskráningar | 27 |
| Fundargerð rýnifundar → Kristján Torfason | 32 |



Þessi skýrsla er gefin út af Isavia ohf. en efnisyfirlitið hér að ofan gefur til kynna hverjir eru höfundar einstakra kafla.

Umsjónarmenn með útgáfu þessarar skýrslu eru:
Kristján Torfason kristjan.torfason@isavia.is
Bjarni Sighvatsson bjarnis.sighvatsson@isavia.is



Inngangsorð.

Dagana 23-25. september síðastliðin var haldin flugslysaæfingin Bildudalur 2010.

Æfingin var liður í því skipulagi Isavia (*áður Flugstoða áður Flugmálastjórnar Íslands*) að halda eina viðamikla flugslysaæfingu á hverjum áætlunarflugvelli ekki sjaldnar en á fjögurra ára fresti.

Þessi æfing er í röð margra æfinga sem haldnar hafa verið undanfarin ár á öllum áætlunarflugvöllum landsins.

Að undirbúningi æfingarinnar og að sjálfri æfingunni kom að venju hópur manna af höfuðborgarsvæðinu og frá Akureyri, svokallaður ráðgjafahópur. Hópur þessi samanstendur af sérfræðingum úr hinum ýmsu starfsstéttum og tengist starf hvers ráðgjafa samsvarandi starfseiningu viðkomandi æfingarsvæðis.

Ráðgjafahópurinn fundar og skipuleggur frumvinnu við undirbúning æfingarinnar og í framhaldi af því er farið á viðkomandi stað og haldnar kynningar og kennslunámskeið. Fjöldi ráðgjafa ræðst að nokkru af umfangi / fjölda þeirra sem taka þátt í æfingunni.

Heildarskipulag hvernar æfingar byggist á viðbragðsáætlun sem Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra í samvinnu við Isavia, gefur út fyrir hvern flugvöll og kallast flugslysaáætlun viðkomandi vallar.

Samhliða æfingunum er því annaðhvort unnið að gerð nýrrar flugslysaáætlunar fyrir viðkomandi flugvöll eða þá að sú sem fyrir er tekin til endurskoðunar, bæði fyrir æfinguna svo og er hún yfirfarin í ljósi reynslunnar af æfingunni og lagfærð eftir því.

Þessi endurskoðun kemur líka viðbragðsaðilum hvers staðar til góða þar sem menn rýna í sinn þátt í áætluninni og gefst bæði tækifæri til að hafa áhrif á áætlunina sjálfa svo og einnig að aðlaga starf sitt og skipulag að henni eða breytingum sem á henni kunna að vera gerðar.

Rétt er að benda á að þótt æfingin beinist einkum að hagsmunum flugfarþega þá nýtist æfingin ekki síður í hverri þeirri vá sem snert getur viðkomandi bæjarfélag og tæki til fjölda manna, hvort sem um væri að ræða bruna, snjóflóð, rútuslys eða aðra vá.

Flugslysaáætlun Bildudalsflugvallar byggist á viðbrögðum viðbragðsaðila frá þremur byggðarlögum, Bildudal, Tálknafirði og Patreksfirði. Ef æfa ætti á þann veg að útkall og viðbragð yrði á rauntíma þá væri ljóst að nokkuð langur tími gæti liðið á milli komu fyrstu viðbragðsaðila til þeirra síðustu og því ljóst að æfingin væri komin nokkuð á leið þegar þeir sem lengst koma að myndu mæta. Nú ganga æfingar sem þessar ekki út á það að kenna viðbragðsaðilum það sem þeir kunna fyrir heldur er aðaláherslan lögð á að þessir hópar læri að vinna saman og myndi eðlilegt flæði sem byggist upp á stjórnun vettvangs og umhverfi hans, björgun á slysstað, aðhlyningu við slysstað, fyrstu greiningu, flutning á söfnunarsvæði slasaðra, umönnun þar og að lokum flutning á sjúkrahús, fjöldahjálparstöð eða annað eftir atvikum. Því var valin sú leið að láta alla viðbragðsaðila biða skammt frá flugvöllinum og við útkallið mættu þeir til aðgerða með fimm til sex mínútna millibili til þess að viðbragðsröðin endurspegladi raunveruleikann að nokkru leiti. Síðast en ekki síst er mikið framlag sjálfboðaliða, en víða yrði harla lítið úr flugslysaæfingum, nyti þeirra ekki við.

Engin æfing verður betri en áhugi þátttakenda segir til um. Mætingar á fundina og æfingarnar sem haldnir voru fimmtu- og föstudagskvöld voru mjög góðar, fólk var áhugasamt, var komið til að fræðast og tók þátt af áhuga. Það skilaði sér á æfingunni.

Þessi æfing heppnaðist í flestu mjög vel og það er ykkur að þakka. Isavia og þeir ráðgjafar sem komu að æfingunni vilja þakka heimamönnum fyrir ánægjuleg viðkynni og þann áhuga sem æfingunni og undirbúningi hennar var sýndur.

Leitast er við að hafa skýrslu þessa einfalda og auðlesna.

Útgáfa hennar hefur eitt aðalmarkmið:

Að draga fram hvað vel fór í undirbúningi fyrir æfinguna og hvað vel fór á æfingunni og hvaða úrlausnir reyndust góðar, svo læra megi af hinu jákvæða.

Að draga fram hvað betur hefði mátt fara í undirbúningi fyrir æfingu eða hvað betur hefði mátt fara við úrlausnir verkefna á æfingunni sjálfri svo viðbragðsaðilar geti dregið lærdóm af því og bætt úr.



Orðskýringar.

Ráðgjafahópur.

Ráðgjafahópur er hópur fólks af Reykjavíkursvæðinu og frá Akureyri sem hefur aflað sér sérþekkingar á sviði hópslysaviðbúnaðar, hver á sínu sviði. Hópurinn mætir á þann stað þar sem halda á æfingu, tryggir heimamönnum ákveðna fræðslu og aðstoðar við undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu æfingarinnar. Á æfingunni sjálfri eru þeir eftirlitsmenn og ráðgjafar og eru staðsettir þar sem sérþekking þeirra kemur að mestum notum.

Aðgerðarstjórn.

Aðgerðarstjórn fer með yfirstjórn aðgerða og er oftast staðsett á lögreglustöð staðarins eða aðsetri almannavarna. Hana myndar hópur staðarmanna þar sem hver og einn starfar vegna þekkingar eða tengsla við viðbragðshópa starfshópa. Til dæmis fulltrúar löggæslu, björgunarsveita, heilbrigðismála, vegamála, slökkvímála og fleira í þeim dúr. Yfirmaður hópsins er lögreglustjóri staðarins eða fulltrúi hans. Verkefni aðgerðarstjórnar er að hafa heildaryfirlit yfir aðgerðirnar, útvega bjargir, sjá um flutning sjúklinga úr héraði, samræma aðgerðir í héraði og vera tengiliður samræmingarstjórnar í miðstöð almannavarna í Skógarhlíð í Reykjavík.

Vettvangsstjórn.

Vettvangsstjórn er lítill hópur fagmanna (oft 2-5) er aðgerðarstjórn skipar til þess að fara með stjórnun aðgerða á (slysa)vettvangi. Vettvangsstjórn sem starfar oftast nærri vettvangi, upplýsir aðgerðarstjórn um gang mála, skipar verkþáttarstjóra eftir atvikum, útvegar bjargir og mannskap og tekur aðrar ákvarðanir er lúta að framgangi aðgerða á vettvangi.

Verkþáttastjórar.

Verkþáttastjórar eru undir stjórn vettvangsstjórnar. Þeir sjá um sjálfstæð verksvið, fá bjargir og ráð hjá vettvangsstjórn og upplýsa hana um gang mála.

Björgunarstjóri stjórnar björgunarstörfum á vettvangi, slökkvistörfum, frumgreiningu og leit að fólki.

Aðhlyningarstjóri stjórnar greiningarstöð, sér um sjúkra- og fjöldahjálp, forgangsroðun sjúklinga og ákveður flutning þeirra.

Gæslustjóri sér um lokun og verndun innri svæða (slysstaðurinn) og lokun ytri svæða, umferðastjórnun og almenna gæslu.

Flutningastjóri sér um móttöku bjarga og ákveður biðsvæði, bæði skráningu og skipulagningu. Hann sér um flutning slasaðra af skaðasvæði í greiningu og á sjúkrahús eða annað eftir ákvörðun aðhlyningarstóra.

Lausnaraðilar.

Lausnaraðilar eru allir þeir viðbragðsaðilar heimamanna sem að aðgerðum og lausnum mála koma og vinna beint og óbeint undir stjórn aðgerðar- og vettvangsstjórna. Dæmi um lausnaraðila eru:


slökkviliðsmenn, björgunarsveitir, lögregla, heilbrigðisfólk, Rauði krossinn og margir fleiri.

Samhæfingarstöð.

Samhæfingarstöð almannavarna er staðsett í Skógarhlíð í Reykjavík. Verkefni samhæfingarstöðvarinnar er að aðstoða t.d. aðgerðarstjórnir á landsvísu, útvega hverskings bjargir og samræma störf aðgerðarstjórna þegar umfang aðgerða krefst þess. Hana manna fólki með sérþekkingu á ýmsum sviðum er snerta björgunarmál svo og fulltrúar ýmissa opinberra stofnanna.

Handrit flugslysaæfingarinnar.

Tilkynning berst frá flugturninum á Bíldudal um flugslys. 50 sæta flugvél sem var að koma inn til landingar virðist, að sögn flugurádíósmanns, fá á sig skyndilegt niðurstreymi og rekst annar vængur flugvélarinnar í jörðina og brotlendir flugvélin. Við brotlendinguna brotnaði vélin í nokkra hluta og flakið dreifist yfir stórt svæði austan við brautina. Miklir eldar loga í hluta flaksins og farþegar eru fastir inni í flakinu.



Flugslysaæfingin Bíldudalur 2010.

Almennt um framgang æfingarinnar.

Flugslysaæfingin á Bíldudalsflugvelli 2010 tókst vel á heildina lítið. Að sjálfsögðu ekki gallalaus enda eru slíkar æfingar aldrei haldnar. Stressmerki eins og hlaup og köll, menn talandi hver ofan í annan í fjarskiptum eða sami sjúklingur margskoðaður án þess að vera skoðaður voru alls ekki til staðar á þessari æfingu.

Þvert á móti virtist mér allur framgangur byggjast á ró og yfirvegum. Í aðgerð, af hverju tagi sem er, hlýtur úrlausn verkefna að vera betri og ákvarðanatöku öll yfirvegaðri þegar stjórnendur taka á vandamálum af rósemi og ákveðni. Verkefnið sem björgunarmönnum var fengið í hendur var í eðli sínu mjög erfitt og ef til vill langt umfram eðlilega getu heimamanna, sérstaklega aðhlynningarpátturinn. Aldrei er hægt að setja vettvang slasaðra þannig upp að hann endurspegli raunveruleikann hvað varðar álag á hjálparmenn. Slys af þeirri stærðargráðu sem sett var upp á æfingunni myndi aldrei verða leyst af heimamönnum einum, heldur yrði að kalla til utanaðkomandi hjálpar. Slíkt gildir um nánast alla áætlunarflugvelli landsins.

Svona æfing gengur því frekar út að það að setja upp slökkvi og björgunavettvang, þörf fyrir að forgangsgreina og flytja slasaða á söfnunarsvæði slasaðra í flugstöð og veita þeim þar frekari aðhlynningu. Þetta er röð verkþátta sem allir verða að virka eigi dæmið að ganga upp. Stundum er þátttaka mjög góð og margar hendur vinna verkið tiltölulega fljótt en stundum er þátttaka með minna móti og því vinnst verkið hægar, en vinnst samt alltaf. Þetta endurspeglar að einhverju leiti raunveruleikan en aðal atriðið er að samvinna björgunarmanna og flæði á vettvangi gangi vel. Flugslysaæfing gengur aldrei út á afköst heldur þjálfun í samvinnu viðbragðsaðila.

Veðrið setti nokkurn svip á æfinguna. Nokkuð stífur vindur var með allmikilli úrkomu og lágu hitastigi og gæta þurfti sérstaklega vel að sjúklingum. Leiðinlegt veður hefur alltaf einhver áhrif á æfingar því sé veður gott þá vinna menn hægar, vanda sig meira og æfingargildið því meira. Þátttaka heimamanna var mjög góð. Nokkuð af björgunarsveitarfólki var í smölun og einnig nokkrir sem störfuðu með slökkviliðum.

Nokkrir punktar:

- Útkall Neyðarlínunnar gekk fljótt og vel. Viðbragðsaðilar höfðu raðað sér á veginn ofan flugbrautar og gátu fylgst með upphafi æfingarinnar. Bílddælingar hófu þátttöku um leið og þeir fengu boð. Sex mínútum síðar óku Tálknfirðingar inn á völinn og öðrum sex mínútum síðar óku viðbragðsaðilar frá Patreksfirði. Þetta var í samræmi við það sem kynnt hafði verið fyrir æfinguna.
- Uppsetning vettvangs var með hefðbundnum hætti. Nokkur bílflök fyllt af dekkjum voru notuð sem eldvettvangur. Í aðra bíla voru settir „sjúklingar“ sem bjarga þurfti meðal annars með því að klippa þá út.
- Landhelgisgæslan hefur komið af krafti inn í undanfarnar æfingar og oftast en ekki sent fræðslu og eða þyrlu á þær. Nú sendu þeir þyrlu. Hún var látin

koma inn í æfinguna þegar nokkuð var liðið á hana. Tilgangurinn var sá að láta hana hafa eins lítil áhrif á æfinguna sjálfa og hægt er, en fremur að hún komi eins og viðbót og þá gjarna með verkefni sem ekki eru í venjulegum æfingum. Auk tveggja hífingarverkefna nokkuð frá flugvelli, þar sem hífðir voru fjórir sjúklingar, þá flutti hún nokkra sjúklinga á söfnunarsvæði aðstandenda (sem í aðgerðinni var kallað að hún væri að fara á sjúkrahús). Með rétttri notkun/álagi er mjög gott að fá þyrlu inni æfingu. Bæði eykur það fjölbreytni verkefna og gefur björgunarmönnum tækifæri til þess að læra að umgangast þyrlur. Kunnum við Gæslunni bestu þakkir fyrir.

- Til stóð að hafa 15-20 þolendur í slysinu. Heimamenn stóðu sig svo vel að þeir urðu 25. Það er frábært því oft hefur gengið illa að ná í nægilegan fjölda til þess að leika sjúklinga. Þeir sem leika sjúklinga eru á margan hátt lykil þátttakendur í hverri æfingu því hvað yrði úr æfingunum ef engir væru leikarar. Í æfingunni tók þátt yngsti leikari sem tekið hefur þátt í flugslysæfingum. Hún heitir Viktoría Storm Árnadóttir og er aðeins fjögurra ára gömul og stóð sig aðdáunarlega vel. Hún var að sjálfsgöðu ekki ein á ferð heldur lék faðir hennar einnig sjúkling og var með dótturinni allan tímann.
- Færri björgunarsveitarmenn voru á æfingunni en æskilegt hefði verið. Það kom af því að nokkrir þeirra voru í smölun. Við því var svo sem ekkert að gera. Heimamenn réðu sjálfir á hvaða tíma æfingin var haldin en eins og allir vita mun hinn fullkomna tímasetning flugslysæfinga ekki vera til.
- Vettvangsstjórn vann eins og hún hefði aldrei gert annað.
- Flæði æfingarinnar var gott. Eftir bráðagreiningu á slysstað gekk vel að flytja sjúklinga á söfnunarsvæði slasaðra í flugstöð, það sem starfið gekk hratt og yfirvegað. Nokkur þröng var á söfnunarsvæðinu, flugstöðin er þröng og töluvert var af gestum. Takmarka þarf þann tíma sem gestir fá að fylgjast með starfinu á SSS niður í 10-20 mínútur hámark, til að vinnufriður verði sem mestur.
- Aðhlyningarstjóri kom frá sjúkrahúsinu á Patreksfirði en var ekki úr hjúkrunargeiranum. Það að binda ekki eina lækna á svæðinu við stjórnun og fjarskipti reyndist ágætlega og kona sú sem óvön tók að sér aðhlyningarstjórnun stóð sig með stakri þryði.
- Fjarskipti með Tetra reyndust illa. Munað gat hálfum metra til eða frá hvort samband næðist. Ástand Tetrafjarskipta á Bíldudalsflugvelli er einfaldlega óviðunandi og verður að taka á því máli.
- Það hefur oft komið fram á æfingum að ekki er hægt að henda mönnum í vettvangsstjórnun án þjálfunar. Fjöldi manna hefur fengið vettvangsstjórnun þjálfunar og er það vel og var sannarlega þörf á. Ekki væri síður nauðsynlegt að þjálfarar menn upp í verkþáttastjórnun. Væri rétt að kanna hvort Almannavarnardeild myndi ekki vilja taka upp slíka fræðslu nema þá að hún yrði felld inn í vettvangsstjórnun.

- Nokkrar síðustu æfingar hafa Rauða kross deildir, í upphafi æfinga, sent aðstoðarfólk á söfnunarsvæði slasaðra (SSS). Þar hefur RK fólk séð um að aðstoða við uppsetningu söfnunarsvæða, aðstoða lækna og hjúkrunarfólk og sinnt sjúklingum eftir þörfum. Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé hárrétt þróun. Í upphafi aðgerða eru fáar hendur til hjálpar á söfnunarsvæði en mikil þörf. Einnig væri ólíklegt að aðstandendur hópuðust á söfnunarsvæði úti í bæ á fyrsta klukkutíma aðgerða. Rauða kross fólk sem tekið hefur þátt í æfingum og unnið á söfnunarsvæðum, þarf að ræða þetta mál og í framhaldi breyta verkefnalista þeirra í flugslysaáætlun.
- Rannsóknarnefnd flugslysa tók þátt í æfingunni að vanda. Mættu þeir með ný flugmanna „uniform“ og var tilgangurinn sá að björgunarmenn/og rannsakendur sæju hverjir hefðu verið við stjórn vélarinnar.
- Til stóð að æfa akstursstjórn á flugvelli. En vegna álags á viðbragðsaðilum var hætt við það.
- Tæknilegir erfiðleikar virðast vera á tölvusambandi við hluta Vestfjarða. Virkaði það þannig að ég sendi pósta með fyrirspurn m.a. um þátttöku viðbragðsaðila. Mátti heita að svör bærust ekki.

Nú þegar þið fáid þessa skýrslu í hendur þá er æfingunni að sönnu lokið, allur undirbúningur sem í hana fór virðist fjarri. En eftir stendur að ýmis atriði gengu vel og þið funduð góðar lausnir á vandamálum. Eins voru hlutir sem ekki gengu sem best og bæta má eða finna betri lausnir á. Þetta eru lærdómsatriði æfingarinnar. Nú er boltinn hjá ykkur. Nú er tíminn til að skipuleggja og framkvæma það sem bæta þarf. Ekki bíða eftir næstu æfingu.

Isavia og ráðgjafar þakka öllum þeim sem þátt tóku í æfingunni fyrir þátt þeirra í henni og fyrir mikinn áhuga og ánægjuleg viðkygni.

Bjarni Sighvatsson, æfingastjóri.
Starfsmaður Flugverndar- og björgunardeildar Isavia.



Flugslysaæfingin Bíldudalur 2010 - Skýrsla ráðgjafa

| | |
|---------------------------------------------|---------------------|
| 1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni) | Ráðgjafi/ar: |
| Leikarar og förðun | Vigdís Agnarsdóttir |

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

ISAVIA ohf, Slökkvilið Akureyrar.

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Í leikaramiðstöð, Grunnskólanum á Bíldudal, á vettvangi, síðan á SSS > Leikaramiðstöð.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Mjög erfitt fyrir mig að ná að ganga frá öllu eftir æfingu og losa mig við leikara áður en rýnifundur hefst, þetta er þriðja æfingin þar sem fundur er hafin eða jafnvel langt komin þegar ég kemst á staðinn.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Ekki var þörf á því að hafa förðunarnámskeið fyrir þessa æfingu þar sem aðstoðarfólkið hafði áður tekið þátt í undirbúningi flugslysaæfinga. Ásdís Snót og Guðbjörg Theódórs á Bíldudal stóðu sig frábærlega í förðun og eftirliti með leikurum á vettvangi.

Jón Brynjar og Árni G. Guðmundsson frá Rauða krossinum aðstoðuðu við förðun sem gerði það allt gekk þetta hratt og vel fyrir sig.

Leikarakynning var haldin á föstudeginum í Félagsheimilinu á Patreksfirði. Þangað mættu áhugasamir einstaklingar sem voru á ýmsum aldri. Við fengum 26 leikara til að taka þátt í æfingunni sem var yfirdrifið nóg, en kom sér vel þar sem útbúa þurfti verkefni fyrir þyrluna. Yngsti leikarinn Viktoría Storm 4 ára, lék hlutverk með pabba sínum, hún stóð sig eins og hetja og í raun betur en margir mikið eldri sem hafa farið í þetta leikarahlutverk.

Við hófum undirbúning klukkan 8:00 á laugardagsmorgun og leikarar komu fyrstir um klukkan 8:30. Skráning og gerð farþegalista gekk mjög vel og listinn var tilbúinn mjög tímanlega. Við reyndum nýja aðferð við farþegalistann að þessu sinni og gáfum aðeins upp fjölda farþega eftir kyni, aldri og áhöfn. Engin nöfn. Nafnalisti var útbúinn en hann var aðeins fyrir bakskipulag æfingarinnar. Þetta gafst held ég bara vel og er nær því sem gerist í raunveruleikanum.

Skráning og utanumhald á leikurum á æfingunni gekk mjög vel. Staðsetning og fyrirkomulag við að dreifa sjúklingum á vettvang gekk einnig mjög vel þar sem samvinna við SA um uppsetningu vettvangs skilaði sér vel. Teikning á uppsetningu vettvangs og fyrirfram ákveðin staðsetning leikara er eitthvað sem er að virka einstaklega vel og flýtir mjög fyrir því að koma leikurum fyrir í upphafi æfingarinnar.

Leikarar stóðu sig vel þrátt fyrir að sumir yrðu að bíða heldur lengi og var því orðið frekar kalt.

Frábær hópur frá Slysavarnadeildinni Gyðu á Bíldudal, sáu um að gefa hópnum að borða áður en farið var út á æfinguna og einnig þegar þau komu til baka. Kærar þakkir fyrir aðstoðina.

Ég vil þakka Jónasi Sigurðarsyni hjá lögreglunni á Patreksfirði alveg sérstaklega fyrir aðstoðina, hann aðstoðaði við marga þætti undirbúningsins og gerði mín störf auðveldari á allan hátt.

Takk fyrir okkur.

Kveðja, Vigdís Agnarsdóttir

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis



Flugslysaæfing Bíldudalur 2010 - Skýrsla ráðgjafa.

| | |
|----------------------------|------------------------------------------------|
| 1. Starfseining | Skýrsluritari/ar: |
| Fjöldahjálp - Aðstandendur | Jón Brynjar Birgisson og Kristján S. Bjarnason |

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Rauði kross Íslands – Vestur-Barðastrandarsýsludeild og prestar.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Í SSA og SSS.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Varla er hægt að nefna neitt til enda voru heimamenn vel stemmdir og undirbúnir fyrir æfinguna sem skilaði sér í mjög hnökralausum undirbúningi.

Það helsta sem heimamenn mættu hafa í huga í framhaldinu er að íþróttahúsið Bylta hentar því miður engan veginn sem söfnunarsvæði aðstandenda eða fjöldahjálparstöð. Slík húsnæði verða að geta boðið upp á veitingaaðstöðu og viðtalsherbergi fyrir áfallateymi og presta. Félagsheimilið á Bíldudal eða grunnskólinn myndu bæði henta mun betur.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Polendum (leikurum) var mjög kalt á æfingunni og meiri áhersla hefði mátt vera á að bregðast við því.

Sjálfbóðaliðar á SSA hefðu mátt vera ákveðnari og óhræddari við að koma þolendum til aðstoðar. Það gætti ákveðinnar feimni.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Rauða kross hópurinn sem starfaði á SSA og SSS var hæfilega stór. Þau voru dugleg að sækja fræðslu dagana á undan og nýlega hafði verið haldið fjöldahjálparnámskeið á Patreksfirði sem nánast öll þeirra höfðu sótt.

Rauða kross deildin hefur nýlega fjárfest í TETRA talstöðvum og tók þátt í fjarskiptaæfingu nokkrum dögum fyrir æfinguna. Það skilaði sér í bættum samskiptum við vettvangsstjórnina (og væntanlega aðgerðastjórnina í raunverulegum aðgerðum).

Mjög ánægjulegt var að prestar á staðnum skyldu taka þátt í æfingunni.

Það kom sér mjög vel að á sama tíma og æfingin var í gangi var svæðisfundur Rauða kross deilda á Vesturlandi haldinn á Patreksfirði. Hluti af fundargestum gaf sér tíma til að leika aðstandendur á æfingunni og jók það mjög áreitið í SSA, sem hefur stundum ekki verið nægilega mikið.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Samstarf milli aðila var til fyrirmyndar, bæði í SSS og í SSA. Um 20 aðstandendur skráðu sig inn á SSSA skilaði sér í nægilegu áreiti og raunverulegum aðstæðum.



Flugslysæfingin Bíldudalur 2010 - Skýrsla lausnaraðila.

| | |
|------------------------|--------------------------|
| 1. Starfseining | Skýrsluritari/ar: |
| Vettvangsstjórn | Lilja Magnúsdóttir |

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Lögreglan og svæðisstjórn á svæði 6

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Í stjórnstöð á Bíldudalsflugvelli.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Þjálfarar **betur** í notkun fjarskipta, ein æfing er ekki nóg.

Æskilegt er að fá stutta fyrirlestra fyrir hvern hóp 3 – 4 vikum fyrir æfingu (sérstakir fræðsludagar) sem styrkir hvern hóp í sínu hlutverki.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Fjarskipti voru ónóg milli slysstaðar og vettvangsstjórnar vegna truflana frá bílum, húsum og járnbraki. Endurvarpi á Tjaldanesi nær ekki nógu góðu sambandi við enda vallarins til að tryggja góð fjarskipti þegar öll tækin eru komin á vettvang. Auk þess var þoka og rigning og það er líklegt að það hafi haft einhver áhrif líka.

Lausn á fjarskiptavandamálinu er að setja upp endurvarpa á Dynjandisheiði sem myndi auk þess dekkja mörg önnur dauð svæði í nágrenninu.

Nauðsynlegt er að hvetja alla viðbragðsaðila til að eiga og nota handfrjálstan búnað á allar Tetra stöðvar. Einnig þurfa allir viðbragðsaðilar að vera klárir á hvaða rás fjarskiptin eiga að fara fram í hverjum verkþætti til að flýta fyrir því að allir hópar séu á réttri rás.

Þyrlla á flugslysæfingu er gott mál út frá hávaða og lendingu og annarri truflun á mannskapinn en að setja saman leitarverkefni fyrir þyrllu á ekki samleið með flugslysæfingu.

Björgunarstjóri stýrir leit og björgun í flugslysi en verði um víðtækari leit að ræða en sem nemur vallarsvæðinu verður hann að vísa þeim verkþætti yfir á vettvangsstjórn/aðgerðastjórn þar sem engin leið er að halda utan leitarhópa og leitar skipulag samhliða því að stjórna aðgerðum á slysstað.

Endurskoða þarf fyrirkomulagið á skráningu á mannskap þegar margir koma inn í einu til að auðvelda utenumhaldið um hópana.

Verði flugslys á Bíldudalsflugvelli verða ytri lokanir að vera við kirkjugarðinn á Bíldudal og á vegamótum á Dynjandisheiði til að tryggja að almenningur eigi ekki greiða að flugvellingnum til að trufla störf björgunaraðila og auka álag á þá.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Við gerðum þetta allt býsna vel!

Skrifborðsæfing tókst vel og er nauðsynlegur undirbúningur æfingarinnar

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Bráðaflokkun gekk vel á slysstað.

Samstarf heilbrigðisstarfsmanna og RKÍ tókst mjög vel.

Samstarf ólíkra eininga tókst mjög vel og gekk eins og við bjuggumst við.

Leit og björgun með þyrlu gekk vel.



Flugslysæfingin Bíldudalur 2010 - Skýrsla lausnaraðila.

| | |
|------------------------|--------------------------|
| 1. Starfseining | Skýrsluritari/ar: |
| Björgunarstjóri | Óðinn Sverrisson |

| |
|------------------------------------------------------------------|
| 2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni |
| Slökkvilið, björgunarsveitir, lögregla, sjúkraflutningar. |

| |
|--------------------------------------------------------------|
| 3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð? |
| Úti á flugbraut |

| |
|----------------------------------------------------------------------------------------|
| 4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum. |
| Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis: |
| <i>Mögulega meiri fróðleikur fyrir æfingu, til dæmis nokkrum vikum fyrir.</i> |
| <i>Mætti æfa varaleiðir í fjarskiptum fyrir æfingu.</i> |

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

| |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <p>Samskipti björgunarstjóra við aðstoðarmann mættu vera betri, skipting verkefna mætti vera skýrari þar á milli, olli smá ruglingi.</p> <p>Sjúklingum var ekki sinnt nógu vel, gagnvart því að setja björgunarmenn með sjúklingum sem eru gulir eða rauðir.</p> <p>Flutningar fóru hægt af stað og samskipti við flutningastjóra.</p> <p>Fjarskipti gengu illa og töfðu verk.</p> <p>Yfirsýn yfir vettvang skorti</p> <p>Afhending á vettvang var röng, fór til lögreglu en hefði kannski átt að vera RNF beint. Björgunarstjóri var farinn af vettvang þegar RNF óskaði eftir upplýsingum. Vettvangsstjórn óskaði eftir að björgunarstjóri stýrði leit og björgun fyrir utan slysavettvang.</p> <p>Gekk erfiðlega að tryggja vettvang.fyllilega.</p> <p>Vegurinn að miðri flugbraut er ekki fær stórum slökkvibílum. Lagfæra þarf þann veg.</p> |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur æfingarinnar gekk vel

Munar miklu að vera að gera þetta í annað skiptið.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Björgunarmenn undir björgunarstjóra stóðu sig mjög vel og fóru í einu og öllu eftir fyrirmælum.

Leikarar stóðu sig mjög vel og voru mjög sannfærandi.

Pokkalega gekk að slökkva elda

Ekkert óðagot var á björgunaraðilum



Flugslysæfingin Bíldudalur 2010 - Skýrsla lausnaraðila.

| 1. Starfseining | Skýrsluritari/ar: |
|---------------------------|-------------------|
| Slökkvilið Patreksfjarðar | Atli Einarsson |

| 2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni |
|-----------------------------------------------------------|
| Slökkviliðin og aðrir undir Björgunarstjóra |

| 3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð? |
|-------------------------------------------------------|
| Úti á flugvelli |

| 4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum. |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis: <i>Undirbúningur mætti vera meiri.</i> <i>Næst óskum við eftir fræðslu fyrir slökkvilið 3 til 4 vikum áður en æfingin sjálf er, þar sem einungis er farið í gegnum hlut slökkviliðs. (sleppum samt ekki kvöldunum fyrir æfingu)</i> |

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Dælan í tankbílnum stíflaðist. Sennilegasta ástæðan er sú að einstefnukúla sem er á loki tanksins datt niður í tankinn og sogaðist inn að dælu og stíflaði vatnsrennsli að dælunni.

Búið að lagfæra.

Klippuverkefni: Ekki mátti tala við sjúklinga í gegnum rúður á bílnum heldur einungis í gegnum gat á þaki, þess vegna voru lítil samskipti við sjúklinga.

Huga betur að forgangsröðun við klippuverkefni.

Það vantar veg að fjær enda brautarinnar.

Þann veg þarf að leggja.

Við treystum okkur ekki til þess að keyra tankbílinn niður slóðann sem er að flugbrautinni miðri. Bæði vegna hliðarhalla og óvissu um hversu mikið sá slóði þolir.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Góð undirbúningsköld á fimmtudegi og föstudegi.

Nokkur hópur fór á flugslysaæfingu á Ísafirði. Sú æfing skilað mjög miklu og gaf allt aðra sýn á æfinguna.

Hvetjum alla til þess að fara á flugslysaæfingar sem gestir.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Klippur og púðar virkuðu vel á æfingunni.

Góð verkefni almennt fyrir slökkvilið að takast á við.

Samvinna ólíkra eininga gekk mjög vel á æfingunni eins og við bjuggumst við.

Æfingin sjálf gekk öll vel.



Flugslysæfingin Bíldudalur 2010 - Skýrsla lausnaraðila.

| | |
|-------------------------|--------------------------|
| 1. Starfseining | Skýrsluritari/ar: |
| Björgunarsveitin Tálkni | Vignir/Guðlaugur |

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Slökkvilið Vesturbyggðar og Tálknafjarðar /björgunarsveitir Kópur Tálkni Blakkur /heilbrigðisstofnun Patreksfirði/

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Vignir var bílstjóri Guðlaugur var á slysavettvangi

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

*Þátttakendur hefðu þurft að fá upprifjun í skyndihjálp. Það hefði mátt hugsa úti að nota VHF kerfið með í æfingunni
Að öðru leiti er ekkert að segja.
Skipulag á leitar þættinum hefði mátt vera betri*

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

*Við teljum að það hefði átt að senda sjúkraflutningsmennina strax inn á vettfang eftir að vettvangur var tryggður en ekki að láta þá bíða á flutnings svæðinu, þar sem þekking þeirra nýtist mun betur í bráðagreiningu og fyrstuhjálp (nota mætti almennan björgunarsveitar mann eða slökkviliðs mann sem bílstjóra á svæðinu í svo stóru slysi)
Fjarskiptamálin hefðu þurft að vera betur athuguð á svæðinu og að menn einblíndu bara á tetra kerfið það ætti að nota líka á VHF kerfið sem er enn til staðar við svona aðstæður.*

Útfærsla á leita þætti var ekki nógu vel skipulögð virkað hálf tilviljunarkennt.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Fimmtudags- og föstudagskvöldin voru mjög góð og var örkennslan í bráðaflokkun mjög þörf

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

*Flutningur sjúklinga gekk vonum frammar og þakka má leikurum fyrir góðan leik og fórnfýsi.
Almennt séð mjög góð æfing og jókst þekkingarforði manna svo um munaði*

Flugslysaæfingin Bíldudalur 2010 - Ráðgjafa.

| | |
|------------------------|---------------------------------------------------|
| 1. Starfseining | Skýrsluritari/ar: |
| Heilbrigðishópur | Bára Benediktsdóttir Guðrún Lísbet Níelsdóttir |

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Læknir, hjúkrunarfræðingar, sjúkraflutningamenn, ófaglærðir og björgunarsveitarfólk.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Á vettvangi og á söfnunarsvæði slasaðra (SSS).

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Óöryggis gætti í framkvæmd bráðaflokkunar og áverkamats og hefði mátt æfa það betur fyrir æfinguna.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Vettvangur:

Það var kalt í veðri og seint gripið í teppi til að halda hita á fólki.

Bar talsvert á óöryggi í bráðaflokkun þrátt fyrir augljósa kunnáttu.

Það var mikil rigning og bráðaflokkunarspjöld voru farin að skemmast innan 30 mín og upplýsingar orðnar illæsilegar.

Slæmt Tetra samband norðan megin á flugbraut skapaði vandamál. Náðist ekki í björgunarstjóra á tímabili. Sjúkraflutningamenn sem biðu við innri lokun kvörtuðu undan því að bæði væri of mikil umferð á rás þannig að þeir kæmust ekki að og einnig að ekki næðist sambandi við björgunarstjóra. Þeir fóru að lokum að eigin frumkvæði inn á slysstað. Einnig bar á skorti á burðarmönnum og birgðum vegna vankanta í samskiptum.

Lausnir á þessum vandamálum gætu falist í aukinni þjálfun viðbragðsaðila í bráðaflokkun. Íhuga mætti betri gæði á æfingaspjöldum.

Athuga þarf fjarskiptaskipulag með tilliti til þess hvort færri ættu að vera í hverjum talhóp.

Söfnunarsvæði slasaðra:

Vinna að flestu gekk vel en það þarf að fara betur í áverkamat og hverjir framkvæma það.

Eins og áður eru starfsmenn á söfnunarsvæði allt of fáir í upphafi.

Fjarskipti notkun á tetra er ekki mikil hjá heilbrigðisstarfsfólki

Lausnir:

Stuttar æfingar þar sem áverkamat er æft sérstaklega og skoðun á sjúklingum eftir að komið er inn á merkt svæði á SSS.

Kenna þarf heilbrigðisstarfsfólki á tetra stöðvar og síðan þarf að halda reglubundnar æfingar.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Haldið var tveggja kvölda fræðsla fyrir viðbragðsaðila sem var mjög vel sótt og mikill áhugi.

Mjög gott er að leiða saman alla viðbragðsaðila í sameiginlega æfingu. Samstarf viðbragðsaðila var mjög gott

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Björgunarstjóri stóð sig mjög vel þrátt fyrir erfiðleika í samskiptum. Bráðaflokkun fór fljótt af stað og var í höndum slökkviliðsmanna sem voru fyrstir á staðinn.

Björgunarmenn voru mjög öruggir í notkunar bretta, kraga, spelka o.fl.

Umönnun sjúklinga á vettvangi var mjög góð. Flutningur sjúklinga af vettvangi gekk vel þegar viðbragðsaðilar komust inn á slysstað.



Flugslysaæfingin Bíldudalur 2010 - Skýrsla lausnaraðila.

| | |
|------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 1. Starfseining | Skýrsluritari/ar: |
| Slysavettvangur | Þorlákur Snær Helgason <i>Umsjónarmaður flugvallarfræðslu</i> Björn Heiðar Sigurbjörnsson Martha Óskarsdóttir <i>Flugvallarfræðsla</i> |

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Flugvallarverðir, slökkvilið, sjúkraflutningsmenn, Lögreglan og Björgunarsveitir

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Vorum á slysavettvangi

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerði tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Það vantaði einhvern vissan aðila til að sjá um fræðslu fyrir bæjarslökkviliðið. Tillaga að úrbótum um þau mál er að verða klár. Þá verður þetta komið á hreint fyrir næstu æfingu. Var ekki ánægður með að þátttakendur æfingarinnar voru að keyra eftir veginum meðfram flugbrautinni á laugardeginum þegar verið var að koma vettvanginum upp. Þeir höfðu gott útsýni yfir svæðið og gátu auðveldlega séð hvar svartí kassinn var falinn og sjúklinga var að finna.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Reykköfunartæki hjá flugvallarverð var til vandræða. Það lak sem gerði það að verkum að það kom hjarn í það. Tækið þarf að skoða af viðurkenndum aðila.

Bæjarslökkvilið:

Slökkvibílunum var lagt allt of langt frá. Langan tíma tók að fá vatn á stúta. Ekki þykir heldur heppilegt að bakka slökkvibílum á vettvangi þar sem sjúklingar eru út um allt.

Björgunarstjórinn var ekki með góða yfirsýn yfir vettvanginn sem gerði það að verkum að hann náði ekki að stjórna vettvanginum vel. Hann hefði mátt nýta aðstoðarmann sinn betur. Björgunarstjóri gleymdi að afhenda Rannsóknarnefnd flugslysa vettvanginn og fór þar af leiðandi ekki síðastur af vettvangi eins og hann á að gera.

Þar sem nóg var af slökkviliðsmönnum hefði verið gott að senda einhverja fleiri til að greina sjúklinga.

Það tók alltof langan tíma að tryggja vettvang.

Sjúkrabílar komu seint inn á vettvang.

Tillaga með úrbætur er að æfa sig meira.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Föstudagsfræðslan var mjög góð.

Ég var mjög ánægður að sjá hversu margir komu á fræðslukvöldin.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Æfingin gekk annars mjög vel fyrir sig. Æfingar eru til að læra á mistökunum.



Aðgerðaskráningar

Flugslysaæfing á Bíldudalsflugvelli

Nafn aðgerðar : Flugslysaæfing á Bíldudalsflugvelli

Dagsetning aðgerðar : 25.09.2010

Tegund aðgerðar : Leit að flugvél

Aðgerðaskráningar

- KL Skrásetjari Athugasemd
- 10:38 Helgi Hjálmtýsson **Slökkvilið Bíldudals tilkynnir sig úr húsi.**
- 10:45 Helgi Hjálmtýsson **Sjúkrabílar tilkynna sig inn.**
- 10:46 Helgi Hjálmtýsson **Bjs. Blakkur tilkynnir sig inn á svæðið.**
- 10:46 Helgi Hjálmtýsson **Slökkvilið Tálknafjarðar tilkynnir sig inn á svæðið.**
- 10:46 Helgi Hjálmtýsson **Bjs. Tálkni tilkynnir sig inn á svæðið.**
- 10:49 Helgi Hjálmtýsson **VST tilkynnir öllum hópum að hún heiti vettvangsstjórn.**
- 10:49 Helgi Hjálmtýsson **Slökkviliðið á Bíldudal vantar bráðaflokkunartösku.**
- 10:55 Helgi Hjálmtýsson **Aðhlyningarstjóri og fylgdarlið komið á svæðið.**
- 10:58 Helgi Hjálmtýsson **VST tilkynnir öllum hópum að þeir geti fært sig nær enda brautarinnar til að geta fylgst betur með vettvangi í fræðsluskyni.**
- 10:59 Helgi Hjálmtýsson **Rúta með sjúklingum væntanleg innan 10 mínútna.**
- 11:00 Helgi Hjálmtýsson **Þyrta flýgur út fyrir Arnarfjörð að finna leið inn fjörðinn, verður komin innan 10 mínútna.**
- 11:02 Helgi Hjálmtýsson **Slökkvilið Bíldudals tilkynnir um slæmt tetrasamband við suðurenda brautar.**
- 11:04 Helgi Hjálmtýsson **Verið að koma sjúklingum fyrir á suðurenda brautar.**
- 11:05 Helgi Hjálmtýsson **TF-LIF lendir á nyrðri enda brautar.**
- 11:06 Helgi Hjálmtýsson **Bráðaflokkunartaska er tilbúinn að syðri brautarenda.**
- 11:09 Helgi Hjálmtýsson **Slökkt á þyrta TF-LIF á flughlaði.**
- 11:18 Helgi Hjálmtýsson **Tilkynning frá 112. Æfing neyðarstig land Bíldudalsflugvöllur 19 sæta vél brotlendir á braut 05, 15- 20 sálir um borð, eldar loga.**
- 11:20 Helgi Hjálmtýsson **Slökkvilið Bíldudals mætt á völlinn.**
- 11:20 Helgi Hjálmtýsson **Slökkviliðið á Bíldudal, bíll og bílstjóri, og að auki 4 menn í bíl.**
- 11:24 Helgi Hjálmtýsson **Slökkvilið Bíldudals óskar að fá upplýsingar þegar slökkvilið Tálknafjarðar og Patreksfjarðar mætir.**
- 11:25 Helgi Hjálmtýsson **Lögregla tilkynnir fjarskiptum um æfinguna á tetrarás Av_FV_2.**
- 11:26 Helgi Hjálmtýsson **Óðinn í slökkviliði Bíldudals skipaður björgunarstjóri.**
- 11:26 Helgi Hjálmtýsson **Björgunarstjóri tilkynnir um tvo elda.**
- 11:27 Helgi Hjálmtýsson **Bráðaflokkun hafin af Björgunarstjóra.**
- 11:27 Helgi Hjálmtýsson **Lögregla ekur inn á vettvang, tveir bílar, 220 og 109.**
- 11:27 Helgi Hjálmtýsson **Slökkvilið Tálknafjarðar komið á vettvang**
- 11:28 Lilja Magnúsdóttir **Byrjað að bráðaflokkað**
- 11:29 Lilja Magnúsdóttir **Tveir eldar loga á vettvangi**
- 11:29 Helgi Hjálmtýsson **Slökkvilið Tálkni tilkynnir sig inn.**

11:30 Helgi Hjálmtýsson **Aðhlyningarstjóri tilkynnir sig inn.**

11:30 Helgi Hjálmtýsson **Bráðaflokkun: 1 rauður, 1 grænn og gulur frá björgunarstjóra á vettvangi.**

11:32 Helgi Hjálmtýsson **Blakkur tilkynnir sig á svæðið.**

11:33 Helgi Hjálmtýsson **Læknir tilkynnir sig inn á biðsvæði bjarga.**

11:33 Helgi Hjálmtýsson **Annar eldurinn er slökktur, búið að tryggja hluta vettvangs og björgunarstjóri óskar eftir björgunarsveitum til að leitar.**

11:34 Helgi Hjálmtýsson **Tækjabíll tilkynnir sig inn á biðsvæði bjarga.**

11:34 Helgi Hjálmtýsson **Læknir sendur á vettvang.**

11:35 Helgi Hjálmtýsson **Slökkvilið Patreksfjarðar ekur á vettvang á þrem bílum.**

11:35 Helgi Hjálmtýsson **VST óskar eftir að allir aðilar færi sig yfir á vinnurásir.**

11:36 Helgi Hjálmtýsson **Flutningastjóri er kominn á biðsvæði bjarga.**

11:36 Helgi Hjálmtýsson **VST skipar lögreglu 109 í hlutverk gæslustjóra.**

11:38 Helgi Hjálmtýsson **Vettvangsstjóri fer úr stjórnstöð á vettvang.**

11:38 Helgi Hjálmtýsson **Tálkni hópur sendur til björgunarstjóra, 2 menn.**

11:40 Helgi Hjálmtýsson **Blakkur hópur fer á vettvang, 4 menn, Blakkur bíll kemur til baka.**

11:41 Helgi Hjálmtýsson **Björgunarstjóri óskar eftir manni til að stöðva blæðingu.**

11:42 Helgi Hjálmtýsson **Blakkur hópur og Tálkni hópur eru á vettvangi en en björgunarsveitarbílar eru á biðsvæði bjarga.**

11:43 Helgi Hjálmtýsson **Aðhlyningarstjóri tilkynnir að söfnunarsvæði slasaðra sé tilbúið.**

11:44 Helgi Hjálmtýsson **Björgunarstjóri tilkynnir: 9 gulir, 5 grænir, 4 rauðir.**

11:47 Helgi Hjálmtýsson **VST tilkynnir björgunarstjóra um 19 farþega, þar af eitt ungabarn, með vélinni.**

11:47 Helgi Hjálmtýsson **Björgunarstjóri tilkynnir um veikt tetrasamband á syðri brautarenda.**

11:48 Helgi Hjálmtýsson **Rauði krossinn er mættur á biðsvæði bjarga, 7 menn og 2 prestar.**

11:50 Helgi Hjálmtýsson **Sjúkrabílar sendir á vettvang.**

11:52 Helgi Hjálmtýsson **Vettvangsstjóri kemur í stjórnstöð.**

11:53 Helgi Hjálmtýsson **Tveir sjúkrabílar og þrír björgunarsveitarbílar sendir á vettvang í flutning.**

11:54 Helgi Hjálmtýsson **Staðfestar tölur komnar um fjölda farþega í vélinni, 27 í vélinni, og þar af 2 börn.**

11:55 Helgi Hjálmtýsson **Björgunarstjóri tilkynnir: 7 grænir, þar af eitt barn, 10 gulir, 5 rauðir, þar af eitt barn.**

11:56 Helgi Hjálmtýsson **Einstaklingar í flugvél: 25 fullorðnir, 2 börn.**

11:56 Helgi Hjálmtýsson **Tveir rauðakross hópar komir í aðhlyningu, 2 menn og 4 menn.**

11:56 Lilja Magnúsdóttir **Staðfestar tölur frá flugfélagi Áhöfn 2 karlmenn Farþegar 11 karlmenn 12 konur 1 Barn 1 Ungbarn Samtals eru þetta 25 fullorðnir 2 börn**

11:57 Helgi Hjálmtýsson **Vettvangsstjóri tilkynnir aðhlyningarstjóra um heildarfjölda í flugvél.**

11:59 Helgi Hjálmtýsson **Þyrluverkefni, vantar 2 slökkviliðsmenn, 2 björgunarsveitarmenn og 2 hunda.**

12:01 Helgi Hjálmtýsson **Rannsóknarnefnd flugslysa tilkynnir að hún sé á leiðinni.**

12:05 Helgi Hjálmtýsson **Sjúkrabíll mætir á sss.**

12:06 Helgi Hjálmtýsson **4 slasaðir komnir á sss.**

12:06 Helgi Hjálmtýsson **Björgunarstjóri óskar eftir mannskap í aðhlyningu.**

12:07 Helgi Hjálmtýsson **Blakkur vantar 2 menn í burð.**

12:08 Helgi Hjálmtýsson **Menn vantar í verkefni.**

12:08 Helgi Hjálmtýsson **AST tilkynnir að hún sé á rás Av_VF_1.**

12:09 Helgi Hjálmtýsson **RNF tilkynnir komu sína og ítrekar að verndun vettvangs.**

12:11 Helgi Hjálmtýsson **Björgunarstjóri: vantar sjúkrabíl fyrir 1 rauðan.**

12:12 **Almannavarnadeild Ríkislögreglustjórinn Frá Samhæfingarstöð. tvær flugvélar á leið á Bíldudal. Vél 1 frá Akureyri ETA 12.15 tekur 1 í börur. Vél 2 frá Reykjavík ETA 12.25 tekur 6 í börur. Í báðum vélum eru greiningarsveitir og búnaður frekari upplýsingar ekki tiltækar**

12:14 Helgi Hjálmtýsson **2 flugvélar á leiðinni, ein lendir 12:15 með 1 börur, önnur lendir 12:25 með 6 börur, eru með búnað og greiningarsveit.**

12:19 Helgi Hjálmtýsson **Alls hafa fundist 7 grænir, 10 gulir, 6 rauðir og þar af 1 barn. Þá vantar að finna 3 fullorðna og 1 barn.**

12:22 Helgi Hjálmtýsson **Þyrluverkefni með 2 slökkvímönnum, 2 björgunarsveitarmönnum og 2 hundum afturkallað.**

12:24 Helgi Hjálmtýsson **Björgunarstjóri tilkynnir að losnað hefur um mannskap hjá sér.**

12:25 **Almannavarnadeild Ríkislögreglustjórinn Frá Samhæfingarstöð alls er búið að virkja flutning fyrir 20 með flugvélum. Ekki komin ETA fyrir aðrar en þær tvær sem búið er að gefa upp. Engar beiðnir um búnað eða mannskap hafa borist SST**

12:26 Helgi Hjálmtýsson **Bjargir á leiðinni: flugvél, 20 börur, og þyrla, 4 börur.**

12:26 Helgi Hjálmtýsson **RNF komnir á vettvang og óska eftir að tala við vettvangsstjóra.**

12:29 Helgi Hjálmtýsson **Björgunarstjóri óskar eftir kjötvestum á vettvang.**

12:29 Helgi Hjálmtýsson **Flutningastjóri tilkynnir um sjúkrabíl á leið á skaðasvæði.**

12:31 Helgi Hjálmtýsson **1 rauður og 1 gulur komnir í bíl á skaðasvæði.**

12:32 Helgi Hjálmtýsson **5 grænir og 6 gulir og 3 rauður og 1 ungabarn komin á sss.**

12:33 Helgi Hjálmtýsson **DAS vél lent sem tekur 5 börur og 5 í sæti.**

12:34 Helgi Hjálmtýsson **Björgunarstjóri tilkynnir að enn sé 12 saknað.**

12:35 Helgi Hjálmtýsson **RNF komnir á skaðasvæði.**

12:37 Helgi Hjálmtýsson **Von er á Dash vélini kl. 12:50 með 5 börur og 5 sæti.**

12:38 Helgi Hjálmtýsson **Á sss eru 6 rauðir, 6 gulir, 3 grænir og 1 svartur.**

12:39 Helgi Hjálmtýsson **Björgunarstjóri óskar eftir aðstoð lögreglu til að fjarlægja mann af vettvangi.**

12:39 Helgi Hjálmtýsson **Björgunarstjóri tilkynnir að flugriti sé fundinn.**

12:42 Helgi Hjálmtýsson **Björgunarstjóri tilkynnir um slasaðan á leið á sss og búið að leita skaðasvæði.**

12:44 Helgi Hjálmtýsson **Björgunarstjóri tilkynnir um rauða í sjúkrabíl á leiðinni á sss.**

12:44 Helgi Hjálmtýsson **Þyrla, TF-LIF, kemur inn til landingar.**

12:44 Helgi Hjálmtýsson **Vettvangsstjóri fer úr stjórnstöð á skaðasvæði.**

12:48 Almannavarnadeild Ríkislögreglustjórinn **Samkvæmt upplýsingum SST er vél farinn frá Bíldudal með 1 rauðan nr:0461 og einn grænan nr:6951. Báðir fara á FSA. Ekki kominn áverkalýsing.**

12:49 Helgi Hjálmtýsson **Björgunarstjóri tilkynnir um 1 rauðan á sss.**

12:49 Helgi Hjálmtýsson **Björgunarstjóri tilkynnir um 2 slasaða á skaðasvæði.**

12:50 Almannavarnadeild Ríkislögreglustjórinn **Frá SST ákveðið að allir rauðir og gulir verði fluttir til RVK. Kannað með hvort hægt sé að flytja græna á Ísafjörð og þá landleiðina.**

12:53 Helgi Hjálmtýsson **Aðhlyningarstjóri tilkynnir að hann sé með 8 á sss.**

12:54 Helgi Hjálmtýsson **Tálkni bíll og tveir með honum lausir fyrir björgunarstjóra.**

12:55 Helgi Hjálmtýsson **Aðhlyningarstjóri tilkynnir: 18 hafa komið inn og 9 farið út. Skipting 18: eru 6 grænir, 7 gulir, 4 rauðir, 1 svartur (barn).**

12:56 Helgi Hjálmtýsson **RNF tilkynnir að þeir hefji störf á vettvangi með leyfi björgunarstjóra.**

12:58 Lilja Magnúsdóttir **Allir rauðir og gulir verða fluttir til RVK**

12:58 Helgi Hjálmtýsson **18 komnir inn, 2 á skaðasvæði gulir, þá vantar 7.**

12:58 Lilja Magnúsdóttir **Patreksfjörður getur tekið á móti 5 grænum Ísafjörður getur tekið á öðrum grænum**

13:01 Helgi Hjálmtýsson **Björgunarstjóri tilkynnir um 1 gulur á leið á sss.**

13:05 Almannavarnadeild Ríkislögreglustjórinn **Frá SST. Núna hafa 3 Dash vélar lent á Bíldudal auk vélar frá Akureyri. Önnur vél frá Akureyri væntanleg 13.15**

13:06 Helgi Hjálmtýsson **20 komnir á sss. 7 finnast ekki og þar af 1 barn.**

13:06 Helgi Hjálmtýsson **Samhæfing leitar hefst.**

13:07 Helgi Hjálmtýsson **Þyrlla tilbúin að taka í björgunarsveitarmenn í leit.**

13:08 Helgi Hjálmtýsson **Aðhlyningarstjóri hefur 2 sjúkrabíla til umráða.**

13:09 Helgi Hjálmtýsson **Aðhlyningarstjóri óskar eftir þurrum fatnaði, VST vísar á Rauða krossinn, ekkert til á biðsvæði bjarga.**

13:11 Helgi Hjálmtýsson **Björgunarfólk á leið af skaðasvæði á biðsvæði bjarga.**

13:17 Helgi Hjálmtýsson **Leitarverkefni: Fjöruleit 4 menn.**

13:19 Helgi Hjálmtýsson **Þyrlla í leit með hunda.**

13:20 Helgi Hjálmtýsson **Aðhlyningarstjóri óskar eftir Kóp bíl til að taka 4 græna á Patreksfjörð.**

13:21 Helgi Hjálmtýsson **Björgunarstjóri afhendir gæslustjóra vettvang.**

13:29 Helgi Hjálmtýsson **Grænir 7, gulir 10, rauðir 4, svartir 1 = 22 fundnir og komnir í hús, þá eru 5 týndir.**

13:31 Helgi Hjálmtýsson **Flugturn tilkynnir um að þyrlla sé á leið inn með tvo sjúklinga.**

13:32 Helgi Hjálmtýsson **Aðhlyningarstjóri tilkynnir um 2 gula og 2 græna í flutning suður.**

13:34 Helgi Hjálmtýsson **Leitarhópur 1 fann ekkert í fjöru niður af flugvelli.**

13:36 Helgi Hjálmtýsson **Blakkur leitarhópur tilkynnir um fund: 2 mikið slasaðir í hlíðinni upp af Dufansdal.**

13:38 Helgi Hjálmtýsson **Blakkur hundur tilkynnir staðsetningu og ástand tveggja fundinna, mikil blæðing, höfuðhögg, staðsetning slasaðra er 65 37 64 vestur og 23 24 56 norður.**

13:42 Helgi Hjálmtýsson **23** komnir í hús, þyrla með 2 á leiðinni og blakkur fann 2 mikið slasaða í hlíðinni upp af Dufansdal.

13:43 Helgi Hjálmtýsson **Skipting 23: 8 grænir, 10 gulir, 4 rauðir og 1 svartur.**

13:43 Lilja Magnúsdóttir **Talning núna 23** komnir í hús

13:46 Lilja Magnúsdóttir **Blakkur bríet er með 2 sjúklinga**

13:46 Helgi Hjálmtýsson **Þyrla biður um sjúkrabíla að þyrlunni að ná í sjúklingana.**

13:46 Helgi Hjálmtýsson **Þyrla lendir við flugstöð með 2 sjúklinga innanborðs.**

13:48 Helgi Hjálmtýsson **Ekki næst samband við Blakk bíl.**

13:52 Helgi Hjálmtýsson **Þyrla leggur af stað að ná í tvo sjúklinga í Dufansdalshlíðina.**

13:54 Helgi Hjálmtýsson **Blakkur bíll er fundinn og allt í lagi.**

13:58 Helgi Hjálmtýsson **1 gulur og 1 grænn komu með þyrlu 13 :46.**

14:11 Helgi Hjálmtýsson **Æfing formlega stöðvuð af vettvangsstjóra og henni lokið.**
Fjöldi skráninga í aðgerð : **132**

Prentað úr Aðgerðagrunni Slysavarnafélagsins Landsbjargar þann 25.09 klukkan 20:11



Flugslysaæfingin Bíldudalur 2010

| 1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni) | Ráðgjafi: |
|--------------------------------------|-------------------|
| Rýnifundur | Kristján Torfason |

Bjarni Sighvatsson Isavia setti fundinn og kynnti dagskrá hans. Hann minnti þátttakendur og þá sérstaklega verkþáttastjóra og aðra stjórnendur á að skrifa skýrslu á þar til gerð eyðublöð og senda hana til ISAVIA. Þessum skýrslum verður síðan safnað í eina lokaskýrslu sem verður gefin út og send til allra eininga sem tóku þátt í æfingunni og skýrslunni mun fylgja geisladiskur með myndum frá æfingunni.

Úlfar Lúðvíksson lögreglustjóri á Vestfjörðum þakkað þátttakendum og ráðgjöfum fyrir góða æfingu.

Jónas vettvangsstjóri þakkaði björgunarfólki fyrir gott starf. Hann sagði að fjarskiptin hafi ekki verið nægjanlega góð. TETRA samband á brautarenda 05 væri ekki nógu gott. Hann lýsti þessu þannig að þeir aðilar sem voru nær fjallinu voru alveg sambandslausir en þeir sem voru nær sjónum voru í ágætis sambandi. Þetta ástand var svo tæpt að það var nóg að ganga bakvið slökkvibíl til að missa samband. Fjarskiptin virðast vera viðvarandi vandamál á öllum æfingum. Skilaboð sem menn eru að reyna að koma á framfæri skila sér ekki nógu vel. Hann sagði að menn hefðu haldið að með tilkomu TETRA hafi menn getað gengið út frá því að fjarskiptin væru í lagi. Því miður væri þetta ekki raunin. Þetta þarf að skoða fyrir næstu æfingu og kanna hvort hægt sé að koma upp öðrum endurvarpa og laga með því ástandið. Góð fjarskipti eru grundvallaratriði í björgunaraðgerðum. Hann sagði að vel hafi gengið á SSS, þar hafi starfsmenn unnið sína vinnu fumulaut og stresslaust. Björgunarstjóri virtist hafa góð tök á vettvangi en var í sömu vandræðum og aðrir með fjarskiptin. Það er ekki gott að þurfa að vera með tvær talstöðvar, það þarf að vera með mjög góða einbeitingu til að grípa allt sem þar fer fram. Hann sagði að það væru frábærir vettvangsstjórnarmenn sem kæmu frá svæðisstjórn björgunarsveitanna og sagði hann þá eiga heiður skilinn fyrir vel unnin störf. Hann sagðist vera ánægður með þessa æfingu á heildina litið.

Óðinn Sverrisson björgunarstjóri sagði að fjarskiptin hafi ekki gengið nógu vel og það hefði þurft að koma gáttinni í gagnið mun fyrr. Um leið og það var búið skánuðu fjarskiptin eitthvað. Hann benti á að björgunarsveitin ætti ferðagátt sem hefði mátt taka í notkun. Aðhlyning á vettvangi byrjaði full seint. Af tæknilegum ástæðum gekk seint að tryggja vettvanginn og var það ekki búið fyrr en þrem korterum eftir útkallið. Þetta var þess valdandi eð ekki var hægt að kalla til björgunarfólk inn á vettvanginn fyrr em mjög seint. Sjúkrabílar virtust ekki vera á sömu rás og björgunarstjóri og gekk því illa að hafa samskipti við þá. Hann sagði að það hafi tekið sig nokkurn tíma að ná yfirsýn yfir hvað vað að gerast á vettvanginum. Flutningur sjúklinga af vettvangi gekk mjög vel. Bráðaflokkunin gekk vel og kom fram að flokkunin hafi verið nokkuð rétt. „Sjúklingarnir“ léku sitt hlutverk mjög vel og stóðu sig frábærlega. Hann sagðist mjög sáttur við þessa æfingu.

Regína aðhlyningarstjóri sagði að störf á SSS hafi gengið mjög vel, samvinna góð og fráflæði gott. Það vantaði burðarmenn til að aðstoða við að færa sjúklinga innan

SSS. Skortur var á brettum. Gott var að leita til Rauða kross fólks á staðnum til að sinna ýmsum verkum. Hún þakkað öllu starfsfólki SSS fyrir vel unnin störf.

Jóhann gæslustjóri sagði að fjarskipti hjá honum hafi verið alveg úti nánast allan tímann. Hann sagði að þeir hafi í byrjun tekið þátt í björgunaraðgerðum en þegar á æfinguna leið fóru þeir í það að varðveita sönnunargögn. Talningin gekk alveg upp.

Lilja Magnúsdóttir flutningastjóri sagði að hennar fjarskipti hafi verið meira og minna úti og að það væri greinilega mjög mikið af dauðum fjarskipta punktum á flugvellinum. Hún sagði að það væri mjög mikilvægt að koma því til skila til björgunarmanna sem væri verið að senda inn á vettvanginn á hvaða rás hann á að vinna. Þetta atriði hafi klikkað í nokkrum tilfellum. Fram kom að ef ekki verð búið að laga TETRA endurvarpa vandamálið þá verði að koma upp fjarskiptagáttum. Í þeim tilfellum þar sem verið væri að vinna eftir fyrirfram ákveðnu skipulagi eins og flugslysaáætlun væri mjög brýnt væri að allir aðila kynntu sér til hlítar fyrirfram eftir hverskonar fjarskiptaskipulagi væri verið að vinna.

? Gísladóttir Rauða krossinum sagði að þau hafi opnað fjöldahjálparstöð í íþróttahúsinu á Bíldudal. Hún sagði að það húsnaði hentaði engan vegin fyrir fjöldahjálparstöð þar sem þetta væri bara einn salur og afgreiðsla en engin herbergi þar sem hægt væri að fara afsíðis með fólk. Betra væri að nota félagsheimilið eða grunnskólann. Nauðsynlegt er fyrir Rauða krossinn að kaupa eyrnatól á TETRA stöðina til að koma í veg fyrir að aðstandendur heyrðu í fjarskiptum björgunarmanna. Fleiri teppi og hlýjan fatnað vantaði og eitthvað heitt að drekka fyrir þolendur sem voru að koma inn. Hún var mjög ánægð með að Rauða kross fólk var vel nýtt m.a. við burð úr sjúkrabílum og þyrlu. Fjarskiptin gengu vel en ekki reyndi mikið á þau þar sem Rauða kross fólkið vað að vinna undir stjórn aðhlyningarstjóra sem var á staðnum. Gott var að vinna undir stjórn aðhlyningarstjóra þar sem öll stjórnun var fumlaus og yfirveguð. Að lokum sagði hún að öll fræðsla kvöldin fyrir æfinguna hafi verið frábær og hún taldi sig fyrst hafa verið tilbúna til að takast á við æfinguna eftir þessa fræðslu.

Finnbjörn Bjarnason Isavia þakkaðu öllum fyrir þátttökuna í æfingunni. Hann sagði frá sínu hlutverki í æfingunni sem hafi ekki gengið nógu vel vegna þess að reykköfunartæki bilaði. Eftir vettvangsvinnuna hafi hann flutt sig í flugturninn til að sinna því flugi sem var í gangi m.a. þyrlufluginu. Hann sagði að frá sér séð hafi þessi æfing gengið vel.

Björn Heiðar Sigurbjörnsson Slökkviliði Akureyrar sagði að dæla í flugvallarslökkvibílum hafi drepit á sér í upphafi aðgerða og hafi það leitt til þess að slökkvistörf gengu ekki vel í byrjun. Einnig hafi vandræðagangur með reykköfunartæki haft áhrif. Greining og aðhlyning á vettvangi gekk vel. Hann sagðist hafa tekið eftir því að björgunarstjóri og vettvangsstjóri töluðu mikið saman án fjarskiptabúnaðar og sagði að það hafi verið mjög gott í ljósi þess að fjarskiptaskilyrði voru slæm og einnig benti hann á að óþarfi væri að nota fjarskipti þegar menn væru staðsetti svona nálægt hvor öðrum. Sjúkrabílar komu seint inn á vettvang vegna misskilnings. Öll vinnubrögð á vettvangi voru í góðu lagi.

Vigdís Agnarsdóttir Isavia sagði að leikarar hafi upplifað æfinguna á mjög misjafnan hátt. Í lok æfingarinnar var gerð skoðanakönnun hjá þeim og í henni kemur m.a. fram

að mislangan tíma tók að koma þeim í hús og þeir upplifa mjög mismunandi aðhlyningu. Hafa þarf í huga við svona björgunaræfingar að það þarf að tala við þolendur slyss og upplýsa þá um þær aðgerðir sem eru í gangi. Þetta var ekki gert í þessari æfingu og þótti leikurum það mjög óþægilegt. Flestir leikararnir voru mjög sáttir við sitt hlutverk, sína áverka og meðhöndlun björgunarmanna. Hún þakkaði leikurunum fyrir góða frammistöðu og öllum þátttakendum fyrir samveruna dagana fyrir æfinguna og á æfingunni sjálfri.

Árni Birgisson Isavia sagðist ekki hafa oft verið á rýnifundi eftir æfingu þar sem fólk væri jafn sjálfgagnrýnið og á þessum fundi og sagði þetta mjög mikilvægt til þess að hægt væri að draga fram þau atriði sem þyrfti að skoða til þess að laga það sem ekki gekk eins vel og skildi. Allir eru að gera sitt besta en með því að rýna í störfin má alltaf finna leiðir til að gera betur. Það sem oftast fyrirferst í æfingarferlinu er að við tökum lærdóminn af svona æfingu og lögum og bæta okkar áætlanir og vinnubrögð. Hann sagði frá því að þeir útlendingar á vegum Isavia sem fylgdust með æfingunni væru að vinna að verkefni sem Evrópusambandið hafi styrkt með u.þ.b. 670 milljónum króna og væri þetta rannsóknarverkefni sem snerist um það að búa til hermílikan, hugbúnað á að nýtast við þjálfun manna við neyðaraðgerðir. Þjálfunin tekur til allra pósta, þar með talið verkþáttastjórar vettvangsstjórn, aðgerðarstjórn og samhæfingarstöð. Hann sagði að það hafi verið mjög gagnlegt fyrir þetta fólk að hafa fengið tækifæri til að fylgjast með æfingunni.

Gunnar sjúkraflutningamaður sagði að fjarskipti á æfingunni hafi verið afar slæm. Hann furðaði sig á því hve sjúkraflutningamenn voru kallaðir seint inn á vettvanginn þar sem þeir væru þjálfaðir björgun og flutningum. Hann sagði að sjúkraflutningamenn hafi ekki náð neinu sambandi við björgunarstjóra og hafi þeir að lokum farið inn á vettvang að eigin frumkvæði og hafið björgunarstörf. Hann þakkaði fyrir mjög gagnlega æfingu í alla staði.

Bjarni Sighvatsson Isavia þakkaði öllum þátttakendum fyrir þeirra framlag til æfingarinnar. Hann sagði að það væri mjög gott að koma með æfingu staða eins og Bíldudals þar sem greinilega væri mikill áhugi til staðar fyrir svona æfingu.

Hermann Jón Halldórsson aðstoðar umdæmisstjóri Isavia flutti kveðju frá Arnóri umdæmisstjóra og sagði æfingunni slitið.

Fleira ekki gert og fundi slitið